

**Fundur Landssamtaka lífeyrissjóða og Samtaka sparifjáreigenda
20. október 2014**



Eigendastefna Gildis-lífeyrissjóðs

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri Gildis



Góður undirbúningur nauðsynlegur við mótun hluthafastefnu

- Stefnumótunar/vinnufundur stjórnar í september 2012.
- Endurskoðun hluthafastefnu í framhaldi af stefnumótunarfundi.
- Helstu ástæður þess að Gildi ákvað að endurskoða hluthafastefnu sína.
 - Stærri eignarhlutur sjóðsins í einstökum félögum kallaði á virkari þátttöku.
 - Áhersla á góða stjórnarhætti.
- Fengum utankomandi ráðgjafa að þessari vinnu.
- Ný hluthafastefna skyldi liggja fyrir snemma árs 2013.

- Ný hluthafastefna Gildis samþykkt af stjórn 20. mars 2013.
- Hluthafastefnan skiptist í 5 meginkafla:
 - I. Hagsmunagæsla fyrir hönd sjóðfélaga og upplýsingagjöf.
 - II. Tilnefningar í stjórnir félaga og launakjör stjórnarmanna.
 - III. Bestu staðlar um stjórnarhætti fyrirtækja til viðmiðunar.
 - IV. Ákvöðun um laun og kjör forstjóra.
 - V. Kaupaukar og hvatakerfi.
- Hluthafastefnan lýsir því hvernig sjóðurinn beitir sér sem hluthafi í þeim hlutafélögum sem hann á verulegan eignarhlut í.
- Verulegur eignarhlutur telst vera:
 - 0,5% af heildareignum lífeyrissjóðsins.
 - 5% eða hærri eignarhlutur í félagi.
 - eða lífeyrissjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félagsins.



I. Hagsmunagæsla fyrir hönd sjóðfélaga og upplýsingagjöf

Helstu ákvæði

- Stjórn Gildis, stjórnendur, starfsfólk og fulltrúar sjóðsins í stjórnnum félaga standa vörð um hagsmuni sjóðfélaga Gildis til lengri og skemmri tíma, m.a. með því að fylgja bestu viðmiðum um stjórnarhætti fyrirtækja, árangursmælingum, eftirliti og virkri beitingu lagalegra fyrirmæla.
- Framkvæmdastjóri Gildis fer með atkvæðisrétt á aðalfundum fyrir hönd sjóðsins. Hann upplýsir stjórn sjóðsins um afkomu félaganna o.fl.

Túlkun og framkvæmd

- Skylda stjórnarmanns er ávallt gagnvart öllum hluthöfum.
- Hér áréttað að stjórnarmenn ástundi góða stjórnarhætti.
- Framkvæmdastjóri eða staðgengill hans fer með atkvæði Gildis á aðalfundi félags.



II. Tilnefningar í stjórnir félaga og launakjör stjórnarmanna - stefna

Helstu ákvæði

- Ef Gildi á þess kost á grundvelli eignarhalds leitast sjóðurinn við að tilnefna vel hæfa fulltrúa í stjórnir félaga, annaðhvort einn eða í samstarfi við aðra aðila.
- Framkvæmdastjóri, stjórnarformaður og varaformaður stjórnar Gildis mynda valnefnd sem tilnefnir stjórnarmenn í félag.
- Val á stjórnarmönnum Gildis byggist á faglegu ferli þar sem bakgrunnur, fagleg þekking, reynsla, færni og hæfi er kannað.
- Við mat á launagreiðslum fyrir stjórnarsetu skal litið til umfangs og ábyrgðar starfsins.



II. Tilnefningar í stjórnir félaga og launakjör stjórnarmanna - framkvæmd

Auglýst eftir stjórnarmönnum

- Í lok janúar 2014 auglýsti Gildi eftir einstaklingum sem hefðu áhuga á að sitja fyrir hönd sjóðsins í stjórnnum hlutafélaga, bæði félögum skráðum í Kauphöll og óskráðum hlutafélögum.
- Viðbrögð voru afar góð, yfir 400 einstaklingar með fjölbreyttan bakgrunn hafa skráð sig.
- Einstaklingar úr þessum hópi hafa verið studdir til setu í stjórnnum eftir að hafa komið fyrir valnefnd sjóðsins.

III. Bestu staðlar um stjórnarhætti fyrirtækja til viðmiðunar

Helstu ákvæði

- Þeir stjórnarmenn sem Gildi tilnefnir eða styður til setu í stjórn félags standa vörð um hagsmuni þess og allra hluthafa.
- Fyrir aðalfund félags skulu starfsmenn Gildis yfirfara allar tillögur sem lagðar verða fyrir aðalfund viðkomandi félags, auk samþykktar hvers félags sem sjóðurinn fer með verulegan eignarhlut í.
- Meti starfsmenn sjóðsins að tilefni sé til breytinga á samþykktum félags, starfskjarastefnu, tillögum eða öðrum atriðum skulu þeir beita sér fyrir því að lagðar verði fram tillögur þess efnis á aðalfundi félags.

Túlkun og framkvæmd

- Þetta ákvæði áréttar að fulltrúi Gildis í stjórn félags skuli standa vörð um hagsmuni viðkomandi félags og allra hluthafa þess.
- Fyrir aðalfundi félaga fara starfsmenn Gildis yfir tillögur sem liggja fyrir, einnig samþykktir og starfskjarastefnu.
- Starfsmenn og stjórnarmenn Gildis hafa komið á framfæri athugasemdum við framlagðar tillögur.
- Teljum heppilegra að benda á það sem betur má fara í aðdraganda aðalfunda og vinna með stjórn og stjórnendum viðkomandi félags.
- Í einhverjum tilvikum hafa ábendingar sjóðsins ekki verið teknar til greina í fyrstu, en skilað sér síðar.

IV. Ákvörðun um laun og kjör forstjóra

Helstu ákvæði

- Stjórn hvers félags ræður framkvæmdastjóra og gerir við hann ráðningar- og starfssamning.
- Stjórn félags ber ábyrgð á að starfssamningur forstjóra sé gerður á faglegum grunni og að fyrir honum liggi hlutlæg rök.
- Við ákvörðun launa forstjóra skulu stjórnarmenn tilnefndir af Gildi líta til innri þátta félags, launadreifingar innan þess og launa sem ætla má að forstjóra bjóðist á þeim markaði sem félagið starfar á.

Túlkun og framkvæmd

- Gildi leggur áherslu á að stjórn félags ræður forstjóra þess og ber ábyrgð á starfssamningi við hann. Hluthafar geta þó að sjálfsgöðu haft skoðun á ráðningu forstjóra og starfssamningi hans.
- Sem hluthafi er Gildi ekki þátttakandi í daglegum ákvörðunum félaga, þ.e. Gildi á ekki og má ekki taka að sér hlutverk stjórnenda í félagi.
- Gildi eða stjórn sjóðsins getur ekki skipað stjórnarmanni í hlutafélagi að framkvæma ákveðna stefnu.

Helstu ákvæði

- Gildi leggur áherslu á að ávallt liggi fyrir greinargóðar upplýsingar og rök fyrir starfskjörum starfsmanna þeirra félaga sem sjóðurinn á verulegan hlut í, m.a. árangurstengdum greiðslum og kaupaukum.
- Nauðsynlegt er að hluthafar séu upplýstir um forsendur og rök fyrir kaupaukum og breytilegum launaliðum tengdum rekstrarniðurstöðum.

Túlkun og framkvæmd

- Árangurstenging launa getur verið áhrifarík leið til að hafa áhrif á hegðun og frammistöðu starfsmanna. Vandinn er að tryggja að þau áhrif séu jákvæð, ekki neikvæð.
- Mikilvægt að upplýsingar um launakerfi séu lýsandi og vel rökstuddar.
- Lykilatriði að hvatakerfi félaga séu þannig uppbyggð að hagsmunir starfsmanna og hluthafa fari saman.

Hvað er framundan?

- Stefnumótunar/vinnufundur stjórnar í september 2014 var tileinkaður núverandi hluthafastefnu og endurskoðun hennar.
 - Fengum utanaðkomandi aðila til að flytja erindi um hlutverk eigenda í stjórnarháttum, um árangurstengingu launa og launakjör stjórnenda.
 - Markmiðið er endurskoðun á hluthafastefnu sjóðsins frá árinu 2013 og samskipta- og siðareglum frá árinu 2009.

